



Vestfjarðastofa

VESTFJARÐASTOFA

FRÉTTABRÉF MAÍMÁNAÐAR 2025



VESTFJARÐASTOFA
SUÐURGATA 12
400 ÍSAFJÖRDUM



FV@VESTFIRDIR.IS



WWW.VESTFIRDIR.IS



450-6600

HAMAGANGUR OG HAGSMUNAGÆSLA Í EINMUNA VORBLÍÐU

Sigríður Ó. Kristjánsdóttir

Framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu

Einstök veðurbliða setti svip sinn á maí mánuð þetta árið. Auk veðurbliðunnar hefur maí einkennst af miklum önnum hjá starfsfólki Vestfjarðastofu. Haldnar hafa verið opnar vinnustofur um alla Vestfirði um samfélagslega nýsköpun og í apríl og maí hafa verið haldnar vinnustofur um vetrarferðaþjónustu og áfangastaðaaætlun fyrir Vestfirði.

Ársfundur Vestfjarðastofu var haldinn í maí og af því tilefni var boðið til málþings sem hafði yfirskriftina Framkvæði og fjárfestingar. Mikilvægt er að halda áfram að hvetja til fjárfestinga á Vestfjörðum til að hægt sé að skjóta enn fleiri stoðum undir efnahagslíf svæðisins. Gríðarlega mikið hefur verið fjárfest í fiskeldi á Vestfjörðum síðustu ár, framundan er bygging Kalkþörungaverksmiðju í Súðavík og einnig eru í farvatni fjárfestingar í gistingu á Vestfjörðum.

Þróun ferðaþjónustu á Vestfjörðum á mikið undir auknum fjárfestingum, einkum í fleiri og fjölbreyttari gististöðum um alla Vestfirði. Einnig skiptir miklu máli að áfram verði unnið að því að lengja ferðamannatímabilið á svæðinu til að minnka árstíðasveiflu. Verkefnið um vetrarferðaþjónustu á svæðinu snýr ekki síst að því að lengja opnunartíma safna, sýninga, sundlauga ekki síður en að fleiri gistimöguleikar verði opnir allt árið sem og aðrir afþreyingarmöguleikar.



Hagsmunagæslan hefur tekið mikið pláss í maí og þar ber hæst umræðu um tvöföldun veiðigjalda sem fyrirsjáanlegt er að muni hafa mikil neikvæð áhrif á atvinnulíf og samfélag á Vestfjörðum. Tilefni er til að þakka Guðmundi Fertram Sigurjónssyni forstjóra Kerecis og nýjum stjórnarmanni Vestfjarðastofu fyrir að nýta vel sína stöðu og rödd til að vekja athygli á væntanlegum áhrifum þessarar hækkunar á Vestfirði.

Framundan er kynning á vinnslutillögu Svæðisskipulags Vestfjarða. Vinnslutillagan er eins og nafnið bendir til tillaga sem enn er í vinnslu. Það er því núna sem tækifæri eru til að koma með ábendingar og lagfæringar á þessu mikilvæga skipulagi sem á að varða leiðina til framtíðar á Vestfjörðum. Undirrituð vill því hvetja alla íbúa Vestfjarða til að kynna sér vinnslutillöguna og senda inn umsagnir er þarf.



VESTFJARÐASTOFA LEIÐIR EKKI SAMEININGAR

Gylfi Ólafsson

Formaður stjórnar Vestfjarðastofu

Ég skrifaði grein á dögnum í BB undir fyrirsögninni Öflugri saman þar sem ég setti í samhengi þá ákvörðun bæjarráðs Ísafjarðarbæjar að óska eftir sameiningarviðræðum við önnur sveitarfélög á svæðinu. Undir greinina titlaði ég mig sem formann bæjarráðs Ísafjarðarbæjar. Af átta sveitarfélögum á Vestfjörðum eru fimm með færri en 1000 íbúa. Kröfur til sveitarfélaga aukast jafnt og þétt, bæði af hálfu íbúa og stjórnvalda, og hagsmunir eins sveitarfélags eru oft bundnir ákvörðunum annars. Við þessu þarf að bregðast.

En núna skrifa ég sem formaður stjórnar Vestfjarðastofu og Fjórðungssambandsins. Vestfjarðastofa er boðin og búin að aðstoða, en þessi vinna er ekki á þeim vettvangi. Það byggir meðal annars á bókun á haustþingi Fjórðungssambands Vestfirðinga sem haldið var á Hólmavík 2019. Þingið bókaði að stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga myndi „ekki leiða eða beita sér í málefnum um sameiningu sveitarfélaga skv. þingsályktun um „Stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019–2033“ og aðgerðaáætlun fyrir árin 2019–2023.“

Þá taldi þingið „ekki sé komið að þeim tímamótum að unnt sé að horfa til heildstæðrar sameiningar allra sveitarfélaga á Vestfjörðum, þar sem enn eru samgöngur innan svæða sem og á milli svæða óboðlegar. Á árinu 2019 eru enn mörg svæði og byggðakjarnar innan Vestfjarða sem ekki er unnt að horfa á sem eitt atvinnusvæði allt árið um kring.“



Nú hafa auðvitað tvær stórar breytingar orðið síðan þetta var skrifað; Dýrafjarðargöng opnuðu 2020 og Tálknafjörður sameinaðist Vesturbyggð 2023.

Það breytir ekki því að eftir sem áður er eðlilegt að sveitarfélögin ræði saman sín á milli og að frumkvæði í öllum skrefum framundan sé hjá þeim beint. Svoleiðis var það með Vesturbyggð og Tálknafjörð og þannig verður það áfram.



Vestfjarðastofa



VORFUNDUR BYGGÐASTOFNUNAR OG LANDSHLUTASAMTAKANNA Á BREIÐDALSVÍK

Í upphafi hitabylgjunnar sem gladdi okkur óvænt í maí skartaði Breiðdalsvík sínu finasta dagana 7. og 8. maí er hinn árlegi vorfundur Byggðastofnunar og landshlutasamtakanna fór fram. Þar komu saman stafsfolk þessara stofnana og ræddi sameiginleg hugðarefni tengd byggðamálum og atvinnuþróun. Fulltrúar Vestfjarðastofu að þessu sinni voru Hjörleifur Finnsson og Magnús Þór Bjarnason.

Á fyrri degi vorfundar fjallaði Kristján Halldórsson frá Byggðastofnun um íbúakönnun í brothættum byggðum, Erna Kaaber og Anna Hildur Hildibrandsdóttir fjölluðu um rannsóknir á sviði menningar og skapandi greina og Sveinbjörg Pétursdóttir frá SSNV fjallaði um vísindalega nálgun við ráðgjöf til frumkvöðla og fyrirtækja.

Að loknum erindum leiddi Páll Baldursson frá Austurbrú hópinn í vettvangsferð um Breiðdalsvík og kom sú ferð skemmtilega á óvart. Skoðað var ferðabjónustufyrirtækið Tinna, sem sérhæfir sig í jeppaferðum um austfirsk fjöll, Borkjarnasafn Náttúrufræðistofnunar Íslands og bjórgerðin Beljandi.

Seinni dagurinn hófst með erindi frá Magnús Frey frá Byggðastofnun um aðlögun sveitarfélaga að loftslagsbreytingum, til að mynda með tilliti til aukinnar flóðahættu. Þorkell Stefánsson fjallaði um þjónustukönnun Byggðastofnunar, sem þrátt fyrir þurran titill var mjög áhugaverð. Lilja Sif Magnúsardóttir og Tinna Halldórsdóttir frá Austurbrú fjölluðu um áhrif stóriðjuframkvæmda á samfélag á Austurlandi. Að lokum kom Sigurður Árnason frá Byggðastofnun og kynnti vinnu við nýja byggðavísitölu stofnunarinnar.

Í kjölfar vorfundar tók við Ársfundur Byggðastofnunar sem hófst með ávörpum stjórnaformanns, innviðaráðherra og forstjóra Byggðastofnunar. Fundinn má finna í heild sinni á youtube rás Byggðastofnunar.

Kynntar voru úthlutanir úr Byggðarannsóknarsjóði, sem að þessu sinni styrkir m.a. verkefni varðandi strandveiðar og byggðarkvóta og leka óstaðbundinna starfa á SV-hornið. Landstólpann 2025 hlaut svo Kári Viðarsson fyrir Frystiklefann á Rífi, sem glætt hefur menningarlíf á Vesturlandi.

ATVINNURÁÐGJAFAR VESTFJARÐASTOFU HEIMSÓTTU FJÖLMÖRG FYRIRTÆKI

Vorið 2025 lögðu atvinnuráðgjafar Vestfjarðastofu land undir fót og heimsóttu fjölmörg fyrirtæki víðs vegar um Vestfirði. Markmið heimsóknanna var að efla tengsl við fyrirtæki og frumkvöðla, hlusta á þarfir og tækifæri á hverjum stað og veita ráðgjöf og upplýsingar um þau úrræði sem í boði eru.

Í heimsóknunum var tekið vel á móti ráðgjöfunum og kom skýrt fram hve mikil þörf er á reglulegu samtali milli fyrirtækja og stuðningskerfis atvinnulífs og nýsköpun. Rætt var um allt frá daglegum áskorunum í rekstri til hugmynda um nýsköpun, vörubrúun og alþjóðatengingar.

Í samtölunum voru meðal annars lagðar fram fyrirfram ákveðnar spurningar til að varpa ljósi á stöðuna í dag og gæjast inn í framtíðarsýn fyrirtækjanna og sjá hvaða tækifæri og áskoranir væri þar helst að finna.

Það sem sker sig úr í öllum heimsóknunum er að á Vestfjörðum býr mikill vilji og drifkraftur. Á Hólmavík og Drangsnesi eru mörg fyrirtæki rekin af ungum frumkvöðlum með nýjar hugmyndir og vilja til að láta til sín taka. Þrátt fyrir áhyggjur innan sjávarútvegsins vegna óvissu um kvótamál, veiðigjöld og strandveiðikerfið, þá einkenndu bjartsýni og áræðni samtölin.

Húsnæðisskortur var rauður þráður í samtölum – hvort sem um er að ræða fyrir starfsfólk í fiskvinnslu, verktaka eða ungt fólk sem vill koma til starfa á svæðinu. Aukið framboð af íbúðarhúsnæði er algjört lykilatriði í uppbyggingu svæðisins og fjölgun íbúa.



Samstarf skiptir máli

Forsvarsmenn fiskvinnslufyrirtækja sögðu að þátttaka í sjávarútvegsklasa Vestfjarðastofu hafi skipt sköpum fyrir samvinnu og samráð innan greinarinnar. Vettvangur sem slíkur skiptir máli þegar umræðan um framtíð sjávarútvegsins er brýn og óvissan mikil.

Í heimsóknunum var einnig kynnt sýningin Gullkistan Vestfirðir og voru viðtökurnar mjög góðar – fólk er opið fyrir samstarfi og vill sýna það sem það er að gera. Undirstrikaði það mikilvægi þess að halda áfram að skapa vettvang fyrir samtal, sýnileika og tengslamyndun – bæði innan samfélaganna og út á við. Hvetjum við alla að sjálfsögðu til að skrá sig til leiks á Gullkistuna Vestfirði og nýta þann frábæra vettvang til tengslamyndunar innan Vestfjarða.



GULLKISTAN VESTFIRÐIR 2025 - VESTFJARÐASÝNING Í UNDIRBÚNINGI

Laugardaginn 6. september 2025 á milli 12 og 17 verður Íþróttahúsinu Torfnesi á Ísafirði umbreytt í sannkallaða Gullkistu – vettvang þar sem kraftur Vestfjarða í atvinnulífi og menningu birtist í allri sinni dýrð – er sýningin Gullkistan Vestfirðir fer fram.

Gullkistan Vestfirðir 2025 er metnaðarfull og fjölbreytt sýning sem kynnir það besta sem svæðið hefur upp á að bjóða. Með slagorðinu „Þar sem hugmyndir blómstra, tengsl myndast og framtíðin fæðist“ leggur sýningin áherslu á Vestfirði sem framsækið og líflegt samfélag byggt á sterkum rötum og hugviti.

Opnað hefur verið fyrir umsóknir fyrir þátttakendur og viljum við sjá taka þátt ólíka aðila af öllum Vestfjörðum – fyrirtæki, frumkvöðla, stofnanir, listamenn og framleiðendur.

Gullkistan er kjörinn vettvangur til að:

- Kynna vörur og þjónustu fyrir heimamönnum, gestum og fjárfestum
- Styrkja tengslanetið og skapa ný tækifæri
- Sýna hvað Vestfirðir hafa upp á að bjóða í atvinnulífi og menningu

Á sýningunni viljum við sjá sem fjölbreyttasta flóru þess sem er að gerast í sjávarútvegi, líftækni, iðnaði, ferðaþjónustu og menningu á Vestfjörðum. Fyrirtæki mega gjarnan bjóða upp á smakk á kynningarbásum sínum því það slær alltaf í gegn á sýningum sem þessari.

Gullkistan Vestfirðir er frábær vettvangur fyrir tengslamyndun þeirra sem starfa á svæðinu og verður einnig boðið upp á hliðarviðburði og skemmtidagskrá til að hámarka gleðina.

Vestfjarðastofa leiðir vinnuna við sýninguna. Skráning stendur yfir til 30. júní og í [hér má finna frekari upplýsingar](#) um Gullkistuna Vestfirði eins og verðskrá og umsóknareyðublað. Nánari upplýsingar veita gudrunanna@vestfirdir.is eða solvi@vestfirdir.is

GULL
KISTAN
Vestfirðir

*Þar sem
framtíðin
fæðist*

06.09.2025

ÁRSFUNDUR VESTFJARÐASTOFU OG MÁLSTOFA UM FRUMKVÆÐI OG FJÁRFESTINGAR

Aðalfundur Vestfjarðastofu fór fram þann 14. maí og var hann haldinn í Súðvík að þessu sinni. Fundurinn var vel sóttur og var dagskrá fundarinn fjölbreytt. Að loknum hefðbundnum aðalfundastörfum var málþing með yfirskriftina Frumkvæði og fjárfestingar, þar sem teknar voru fyrir örsögur af fjárfestingum á Vestfjörðum og umræður að þeim loknum.

Gylfi Ólafsson, stjórnarformaður Vestfjarðastofu flutti skýrslu stjórnar. Kom fram í máli hans að frá viðtöku hefur tímanum verið varið í að setja sig í inn í málin og sjá hvernig Vestfjarðastofa geti þróast með tilkomu nýrra atvinnugreina. Stærstu áhættuna í starfinu segir hann vera að detta í dagleg málefni og missa sjónar á framtíðinni.

Gauti Geirsson fór yfir skýrslu Sóknarhóps, en Gauti var fyrsti formaður Sóknarhóps Vestfjarða. Lýsti hann starfi hópsins á árinu og að hans helsta markmið sé að auka samstöðu á Vestfjörðum. Starf vetrarins var litað af þingkosningum og nú nýverið áhrif aukinnar gjaldtöku ríkisins á svæðið.

Sigríður Kristjánsdóttir, framkvæmdarstjóri Vestfjarðastofu fór yfir reikninga félagsins. Í máli hennar kom meðal annars fram að fjármögnun Vestfjarðastofu kemur úr ýmsum áttum og að verkefnin séu margvísleg. Markmiðið sé að gera starf sem einfaldast og áhrifaríkast. Að lokum fjallaði hún um ný verkefni í Brothættum byggðum í Kaldrananeshreppi og Reykhólum.

Eftir hádegismat hófst málstofan Frumkvæði og fjárfestingar á Vestfjörðum. Ólafur Sigurðsson framkvæmdarstjóri Birtu Lífeyrissjóðs og Ísfirðingur með meiru hóf málstofuna. Lýsti hann íslensku fjárfestingarumhverfi, hver hann teldi tækifæri Vestfjarða og hvernig væri best að nálgast þau. Tengslamyndun sagði hann af öllu mikilvægasta.



Undir liðnum örsögur af fjárfestingum byrjaði Daníel Jakobsson, nýr forstjóri Arctic Fish. Þar lýsti hann meðal annars mikilvægi trausts tengslanets við fjárfestingar. Halldór Halldórsson hjá Kalkþörungafélaginu fór yfir nýja verksmiðju á Súðavík stærð hennar og kostnað. Verkefnið var á endanum fjármagnað af Írum, en innlendir fjárfestar treystu sér ekki og fengu áhuga eftir á. Friðjón Sigurðsson, sem stefnir að byggingu nýs hótels á Hólmavík, kynnti áform sín og kosti Stranda. En til að selja hótel fjárfestingu sína þá þarf hann einnig að selja alla Vestfirði. Að lokum talaði Jón Páll Hreinsson, bæjarstjóri Bolungarvíkur um sveitarfélög og viðskiptafæri. Það er mikilvægt fyrir sveitarfélög að vera skýr á markmiðum sínum og skipulagi.

Að loknum erindum voru pallborðsumræður. Spurningar úr sal og umræður voru líflegar og fróðlegar. Vestfjarðastofa vill færa öllum þeim sem tóku þátt í fundinum þakkir fyrir virka þátttöku.





SKOÐUÐU SAMFÉLAGSLEGA NÝSKÖPUN Í FINNLANDI

Verkefnastjórar Vestfjarðastofu í MERSE, Steinunn Ása Sigurðardóttir og Anna Sigríður Ólafsdóttir, héldu í vikunni til Finnlands þar sem fjórði staðfundur verkefninu fór fram. Fundurinn var haldinn í Mikkeli sem er um 50.000 manna borg í vatnalöndum Finnlands (f. Järvi-Suomi), en Mikkeli er við Saimaa sem er stærsta vatn lands hinna þúsund vatna.

Fyrri deginum var varið í vettvangsheimsóknir en seinni degi heimsóknarinnar varið í fundastörf þar sem næstu skref þessa þriggja ára langa Evrópuverkefnis voru yfirfarin. Fundurinn var haldinn í háskólasetrinu í Mikkeli sem meðal annars hýsir Ruralia sem er einn þeirra aðila sem taka þátt í MERSE.

MERSE snýr að samfélagslegri nýsköpun í dreifðum byggðum. Í vettvangsheimsóknunum í þátttökulöndunum fimm: Íslandi, Írlandi, Finnlandi, Svíþjóð og Noregi er því lagt upp með að heimsækja samfélagslega drifin verkefni á landsbyggðinni.

Vettvangsferðir geta verið gríðarlega gott kennslutæki þar sem þær veita raunverulega innsýn í viðfangsefni íbúa á hverjum stað. Í hinum dreifðu byggðum eru áskoranir íbúa oft áþekkar, eins og breytingar á aldurssamsetningu, íbúafækkun, skortur á innviðum og samdráttur í þjónustu. Það er því sérstaklega skemmtilegt að heimsækja samfélagsfrumkvöðla sem láta aðstæður ekki aftra sér heldur nýta krafta sína samfélögum sínum til heilla.

Fyrsti viðkomustaður var **Mikkelin Kotikaari ry**, sem er samfélagsrekið óhagnaðadrifid hjúkrunarheimili sem er með tvær starfsstöðvar í Suður-Savonia. Hjúkrunarheimilið hefur verið starfrækt frá árinu 1984 og starfa þar um 40 manns. Starfsemin er margverðlaunuð og lét starfsfólkið sem við ræddum við vel af störfum sínum þar. Sögðu þau kosti þess að vinna hjá samfélagsreknu félagi felast í því að auðveldara væri fyrir það að hafa áhrif á þá þjónustu sem veitt væri, auk þess sem kjör þeirra væru almennt betri en hjá þeim sem ynnu hjá svipuðum stofnunum með annars konar eignarhaldi. Í Finnlandi er það þannig að íbúar í þjónustukjörnum og hjúkrunarheimilum meta sjálfir gæði þeirrar þjónustu sem staðirnir veita í stað þess að mat sé í hendi óháðs aðila.



SKOÐUÐU SAMFÉLAGSLEGA NYSKÖPUN Í FINNLANDI FRH.

Að þeirri heimsókn lokinni var farið á eyjuna Hurissalo, sem er ein af stærstu innlandseyjum Finnlands. Íbúar tóku sérlega vel á móti hópnum og fræddu um samfélagsmiðstöð staðarins sem rekin er af íbúum og býður upp á allra handa viðburði árið um kring. Húsnæðið er fyrrum barnaskóli staðarins, en börnum hefur fækkað umtalsvert og fara þau því í dag með skólabíl til nærliggjandi bæjar. Samfélagsmiðstöðin rekur meðal annars áhugamannaleikhús, Hurissalon Harrastajateatteri ry, sem setur upp leiksýningar á hverju sumri og sýnir undir berum himni. Árið 2014 voru yfirbyggðar stúkur gerðar fyrir sýningargesti sem rúma um 280 áhorfendur og var sviðið einnig yfirbyggt að hluta. Þar er líka skáli þar sem gestir geta keypt veitingar fyrir sýningar. Leikhúsið er stærsta verkefni samfélagsmiðstöðvarinnar og stærsti tekjuliður hennar, en gestir leikhússins á sumri hverju eru í kringum 3000 sem verður að teljast ansi gott fyrir um 300 manna samfélag.

Næst heimsótti hópurinn kjörbúðina á staðnum, **Sale Hurissalo**, sem er verslanakeðja rekin af S-ryhmän sem er gríðarstórt finnskt samvinnufélag. Verslunin er opin alla daga vikunnar og býður upp á afar fjölbreytta þjónustu. Auk þess að vera hefðbundin matvöruverslun er hún bensinstöð, apótek, pósthjónusta, bankaþjónusta, veitingasala og blómaverslun. Verslunin er iðulega kosin besta verslun keðjunnar sem hefur komið stjórnendum hennar í opna skjöldu þar sem þetta er með minnstu verslununum sem hún rekur.



Eftir dvölinna í Hurissalo var haldið aftur til Mikkeli og Muisti – Miðstöð stríðs og friðar heimsótt. Muisti er nútímalegt safn sem skoðar áhrif stríðs út frá mannlegri reynslu. Safnið er til húsa í gamalli skólabyggingu sem hýsti aðalstöðvar finnska hersins í síðari heimsstyrjöldinni.

Muisti veitir gestum innsýn í stríðssögu Finnlands með nýstárlegum og gagnvirkum sýningum. Unnið er út frá því að sýningin stuðli að friði með því að gera gestum kleift að skilja hvernig stríðið var fyrir þau sem urðu fyrir því, hvernig það hafði áhrif á samfélagið á þeim tíma – og hvernig það hefur enn áhrif í dag.

Muisti er í gamalli skólabyggingu sem hýsti höfuðstöðvar finnska hersins í síðari heimsstyrjöldinni. Henni hefur nú verið breytt í meira en 1000 fermetra sýningarrými. Höfuðstöðvasafnið (Headquarters Museum) var stofnað í byggingunni árið 1974, þegar skrifstofa yfirherhöfðingjans, Mannerheims marskálks, var opnuð almenningi.

Finnska orðið Muisti merkir minni og minning. Stríð eru minnst með ólíkum hætti í mismunandi menningarheimum. Muisti er staður þar sem minningar eru varðveittar.

Finnarnir voru höfðingjar heim að sækja og koma verkefnisstjórar MERSE heim reynslunni ríkari.

NIÐURSTÖÐUR KOSNINGA TIL STJÓRNAR SÓKNARHÓPS VESTFJARÐASTOFU 2025-2027

Tíu einstaklingar buðu sig fram — fimm úr hvorum hópi Sóknaðrópsins: Markaði og menningu (MM) annars vegar og Atvinnu- og byggðaþróun (AB) hins vegar.

Ný stjórn Sóknaðróps 2025–2027:


- Guðmundur Fertram Sigurjónsson (Innviðafélag Vestfjarða - AB)
- Gauti Geirsson (Háafell - AB)
- Anna Björg Þórarinsdóttir (Strandagaldur ses. - MM)
- Sif Huld Albertsdóttir (Dokkan Brugghús - MM)
- Lilja Sigurðardóttir (Oddi - AB)

Varamenn

- Elísabet Gunnarsdóttir (Kol & salt ehf. - MM)
- Rebekka Eiríksdóttir (Báta og hlunnindasýningin Reykhólum - MM)
- Sædís Ólöf Þórsdóttir (Fantastic Fjords - MM)
- Halldór Halldórsson (Íslenska kalkþörungafélagið ehf - AB)
- Jónas Heiðar Birgisson (Arnarlax ehf - AB)

Allir aðrir frambjóðendur verða varamenn í stjórn Sóknaðrópsins.

Við óskum nýrri stjórn innilega til hamingju með kjörið og þökkum jafnframt fráfarandi stjórn fyrir vel unnin störf á liðnu kjörtímabili.



SAMTAL MENNINGAR- FULLTRÚA

Í hverjum landshluta starfar menningarfulltrúi. Þeir hafa að vísu mismunandi starfsheiti, en til einföldunar skulum við segja að þau séu öll menningarfulltrúar. Þessi sjö ásamt menningarfulltrúa Byggðastofnunar hafa að undanförunni verið að auka samtal og samstarf sín á milli. Sameiginlegt baráttumál allra landshluta er að efla hlut landsbyggðarinnar í menningarmálum. Þannig reyna menningarfulltrúar í sameiningu að þrýsta á að styrkveitingar úr opinberum sjóðum séu að minnsta kosti í eðlilegu hlutfalli við styrki til höfuðborgarsvæðisins, að þær stofnanir sem eiga að sinna landsmönnum öllum á sviði menningarmála láti ekki undir höfuð leggjast að sinna landsbyggðinni og að menningarstarf á landsbyggðinni fái jafnháan sess í allri umfjöllun og það sem gerist í höfuðborginni.

Menningarfulltrúar landshlutanna hafa hist í Reykjavík að hausti og fundað með forsvarsfólki ýmissa menningarstofnana. Síðast var þannig fundað með List fyrir alla, Listahátíð í Reykjavík, Bandalagi íslenskra listamanna, Menningarráðuneytinu, Tónlistarmiðstöð og RÚV. Fundarefnið var í grunninn alltaf það sama, hvernig mætti auka hlut landsbyggðarinnar í menningarmálum. Allt voru þetta góðir og gagnlegir fundir sem hafa nú þegar skilað aukinni landsbyggðaráherslu, en vissulega er þetta endalaus barátta sem þarf sífellt að minna á. Það er líka áriðandi fyrir menningarfulltrúana að fylgjast með því sem er að gerast í menningarlífinu víðs vegar um landið og þær sveiflur sem verða um heim allan. Menningarfulltrúar hafa haft þann sið að heimsækja einhvern landshluta árlega og fræðast um það sem hæst ber í menningarmálum. Þessar heimsóknir hafa reynst gríðarlega gagnlegar, vikkað sjóndeildarhringinn og komið á samböndum þvert yfir landið. Síðastliðið haust heimsóttu menningarfulltrúar landshlutanna Vestfirði og fóru góðan Vestfjarðahring, upplifðu margt af því besta sem hér er boðið upp á og hittu ýmsa forvígismenn og -konur menningarmála á Vestfjörðum. Almenn ánægja ríkti með þessa ferð. Á þessu ári er svo komið að Austurlandi að taka á móti hópnum



ANNAR SAMRÁÐSFUNDUR ÖRUGGARI VESTFJARÐA

Annar samráðsfundur Öruggari Vestfjarða fór fram miðvikudaginn 7. maí í Sauðfjársetrinu á Sævangi. Þátttaka var góð á fundinum og komu saman fjölbreyttur hópur fagfólks, stjórnvalda, fulltrúa samfélagsins og fulltrúa ungmenna á Vestfjörðum. Tilgangur fundarins var að ræða hvernig efla megi forvarnir og bæta viðbrögð við ofbeldi og afbrotum á Vestfjörðum.

Áhersla var lögð á farsæld barna og ungmenna sem og stuðning við fjölskyldur, samstarf í málum heimilisofbeldis og úrræði fyrir fólk með geðrænan vanda. Hildur Ása Gísladóttir varaformaður ungmennaráðs Vestfjarða var með áhrifaríkt erindi á fundinum um eigin upplifun á öryggi sem ungmenni á svæðinu. Hún sagðist upplifa mikið öryggi og samheldni í sínum heimabæ, Bíldudal, en talaði einnig um áhyggjur fyrir fjarlægð frá viðbragðsaðilum ef eitthvað fer úrskeiðis. Orð hennar vöktu mikla athygli á fundinum og undirstrikuðu mikilvægi þess að rödd ungmenna fái vægi í umræðum um mál sem varðar þau.

Erna Lea Bergsteinsdóttir verkefnastjóri farsældarráðs hjá Vestfjarðarstofu var með erindi þar sem farsældarlögunum var líkt við Dýrafjarðargöngin. Þá að áður en þau komu til var keyrt yfir Hrafnseyrarheiðina sem var ófær meginhluta ársins og aðskildi því norður- og suðursvæði Vestfjarða. Með tilkomu Dýrafjarðarganganna hefur aðgengi íbúa á milli svæðanna verið auðveldað rétt eins og farsældarlögin auðvelda fjölskyldum að sækja þjónustu ólíkra kerfa.

Góðar umræður sköpuðust þegar unnið var með raunhæf dæmi af fólki í vanda og í pallborði þar sem fulltrúar sveitarfélaga, heilbrigðisþjónustu, réttarkerfis, foreldrasamtaka og ungmenna deildu reynslu sinni og hugmyndum. Sérstaklega var rætt um leiðir til að mæta ólíkum umdæmismörkum samstarfsaðila, miklum fjarlægðum, fámenni og ólíkum lagaheimildum til samvinnu.

Í lok fundar voru teknar saman niðurstöður og kynnt næstu skref í innleiðingu samstarfsyfirlýsingarinnar Öruggari Vestfirðir. Góð samstaða myndaðist á fundinum á milli ólíkra hagaðila sem allir voru sammála um að efla enn frekar það góða samstarf sem er nú á Vestfjörðum.





ÞRÓUN VETRARFERÐAÞJÓNUSTU OG ÁFANGASTAÐAÁÆTLUN RÆDD Á HÓLMAVÍK

Fundaröð Markaðsstofu Vestfjarða um þróun ferðaþjónustu hélt áfram 9. maí með tveimur fundum í Café Riis á Hólmavík. Annars vegar var haldin vinnustofa fyrir ferðaþjónustuaðila um vetrarferðaþjónustu og hins vegar opinn samráðsfundur um gerð nýrrar áfangastaðaáætlunar fyrir Vestfirði.

Vinnustofa um vetrarferðaþjónustu Á vinnustofunni komu saman ferðaþjónustuaðilar úr Dölunum, Ströndum og Djúpinu. Fundargestir fóru yfir helstu áskoranir sem blasa við þegar kemur að uppbyggingu vetrarferðaþjónustu og unnu saman að því að greina tækifæri og lausnir. Margar skapandi og hagnýtar hugmyndir komu fram um vetraraflþreyingu sem gæti hentað svæðinu, og var rætt hvernig megi þróa söluhæfa ferðapakka fyrir erlendar ferðaskrifstofur.

Vinnustofan er hluti af tveggja ára verkefni á vegum Markaðsstofu Vestfjarða sem hlaut styrk frá ráðherra ferðamála og miðar að því að efla ferðaþjónustu utan háannatíma, með áherslu á vetrartímann.

Samráðsfundur um áfangastaðaáætlun Vestfjarða Í beinu framhaldi af vinnustofunni var haldinn opinn fundur um áfangastaðaáætlun Vestfjarða. Fundurinn var í formi umræðu og vinnustofu þar sem íbúar og ferðaþjónustuaðilar frá Ströndum og Reykhólahreppi komu saman og lögðu sitt af mörkum við mótun framtíðarstefnu í ferðaþjónustu.

Áhersla var lögð á að gefa þátttakendum tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri og ræða jafnvægi milli þarfa gesta, íbúa, fyrirtækja og umhverfis. Slíkt samráð er mikilvægur liður í gerð stefnumarkandi áætlunar sem stuðlar að ábyrgri og sjálfbærri uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu.

Við þökkum öllum sem mættu á fundina kærlega fyrir virkt og metnaðarfullt framlag.



VESTFIRSKIR SAMFÉLAGSFRUMKVÖÐLAR KOMU SAMAN

Samfélagsleg nýsköpun, samfélagsfrumkvöðlar og samfélagslega drifin fyrirtæki hafa verið verkefnastjórum MERSE hjá Vestfjarðastofu ofarlega í huga síðustu misseri, en líkt og fram hefur komið hjá okkur tekur Vestfjarðastofa þátt í Evrópuverkefni sem snýr að samfélagslegri nýsköpun í dreifðum byggðum.

Viðfangsefni þátttökulanda verkefnisins hafa verið mismunandi, meðal annars vegna þess að staða samfélagslegrar nýsköpunar í löndunum er talsvert ólík. Hér á Íslandi erum við til að mynda mikið að vinna í grunninum sem snýr að því að kynna þessi hugtök fyrir almenningi og að skoða hvernig við sem atvinnuráðgjafar getum sem best stutt við samfélagsfrumkvöðla.

Liður í þeirri vinnu var hringferð um Vestfirði í síðustu viku þar sem haldnir voru opnir fundir á Hólmavík, Patreksfirði og Ísafirði þar sem vestfirskir samfélagsfrumkvöðlar voru sérstaklega hvattir til að mæta. Steinunn Ása og Annska verkefnisstjórar MERSE sögðu á fundunum frá MERSE og fóru aðeins yfir skilgreiningar á áður nefndum hugtökum. Í aðalhlutverki á fundunum voru þó starfandi samfélagsfrumkvöðlar, þær Anna Björg Þórarinsdóttir hjá Galdrasýningunni á Hólmavík, Birta Ósmann Þórhallsdóttir hjá bókaútgáfunni Skriðu á Patreksfirði og Heiðrún Björk Jóhannsdóttir hjá Netagerðinni – skapandi vinnustofum á Ísafirði.

Jafningjafræðsla samfélagsfrumkvöðla

Eitt af fyrstu verkefnum í MERSE var að skilgreina fyrirmyndarverkefni á nærsvæði þátttakendanna og í því voru Strandagaldur, Skriða og Netagerðin valin til umfjöllunar hér á Vestfjörðum. Í næsta skrefi var samfélagsfrumkvöðlum boðið að taka þátt í námskeiði hjá SEA (Social enterprise academy) og voru þær stöllur einnig valdar til þátttöku þar. Námið hjá SEA snýr að því að þjálfa samfélagsfrumkvöðla í jafningjafræðslu og er það hugsað til að byggja upp stuðningsnet samfélagsfrumkvöðla á þátttökusvæðunum. Á fundunum þremur voru því samfélagsfrumkvöðlarnir sjálfir við stjórn og nýttu meðal annars þau tæki sem þeir hafa fengið í gegnum námskeiðið hjá SEA. Fundirnir tókust yfirhöfuð ljómandi vel til og gaman var að heyra hversu mikil gróska er á Vestfjörðum og hversu umhugað íbúum er um að lifa vel á sínum svæðum, en samfélagsleg nýsköpun sprettur iðulega upp af því að íbúar bregðast við að fylla í göt sem hið opinbera og einkaframtakið sjá ekki um að sinna. Á einhverjum fundanna urðu til samstarfstengingar samfélagsfrumkvöðla og hugmyndir spruttu að nýjum verkefnum. Þá má nú aldeilis segja að áfangasigri sé náð.



HVAR LOSUM VIÐ MEST - OG HVAR GETUM VIÐ GERT BETUR?

Nú þegar sveitarfélögin á Vestfjörðum vinna hvert af öðru að loftslagsstefnum, með það að markmiði að draga úr losun og auka kolefnisjöfnun, skiptir miklu máli að vita hvar við stöndum. Til þess að kortleggja stöðuna fékk Vestfjarðastofa, með styrk frá Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, Stefán Gíslason umhverfisráðgjafa til liðs við sig til að gera heildarmat á kolefnisspori Vestfjarða.

Mesta losunin er falin í landinu sjálfu

Heildarlosun Vestfjarða árið 2023 nam rúmlega 355 þúsund tonnum koldíoxíðígilda (CO₂íg), eða 49,6 tonnum á hvern íbúa, sem er umtalsvert hærra en landsmeðaltal sem var 33,1 tonn á íbúa sama ár. Til samanburðar voru þessi hlutföll 113 tonn á íbúa á Austurlandi árið 2022, en hærra kolefnisspor í dreifðum byggðum er ekki óeðlilegt.

Það sem vekur sérstaka athygli í skýrslunni er að 72% af heildarlosun Vestfjarða megi rekja til landnotkunar – það er breytinga á landi og jarðvegi (svokallaður LULUCF-flokkur). Þar vegur framræstur votlendisjarðvegur þýngst – og mest af þeirri losun kemur úr óræktuðu landi, eða um 78%, en minna úr ræktuðu landi og túnunum.

Samfélagslosunin – hvað veldur?

Hinn fjórðungurinn – svokölluð samfélagslosun – kemur aðallega frá fiskiskipaflotanum, vegasamgöngum og búfenaði. Þar eru líka tækifæri til úrbóta, ekki síst þar sem hægt er að grípa til markvissra orkuskipta.

Skýrslan bendir á fjórar leiðir sem geta skilað árangri í loftslagsmálum Vestfjarða:

1. Endurheimt votlendis – einkum á óræktuðu landi
2. Að hætta að urða úrgang
3. Rafvæðing hafna
4. Loftslagsvænni vegasamgöngur

Með þessi gögn í höndunum geta sveitarfélög og samfélög á Vestfjörðum byggt loftslagsstefnur sínar á raunverulegum mælingum og beint kröftum sínum þangað sem mest munar.

[Skýrsluna, Kolefnisspor Vestfjarða, má lesa hér](#)



ÁLYKTUN STJÓRNAR VESTFJARÐASTOFU UM ÁHRIF HÆKKUNAR VEIÐIGJALDS Á VESTFJÖRÐUM

Stjórn Vestfjarðastofu lýsir þungum áhyggjum af frumvarpi ríkisstjórnarinnar um hækkun á veiðigjaldi og væntanlegum áhrifum þess á atvinnulíf og samfélög á Vestfjörðum.

Miðað við þær forsendur sem liggja að baki breytingu á veiðigjaldi má telja ljóst að áhrifin verði mjög íþyngjandi og komi afar hart niður á litlum og meðalstórum bolfiskútgerðum. Á Vestfjörðum eru eingöngu litlar og meðalstórar útgerðir í bolfiskveiðum og vinnslu. Þrátt fyrir að frítekjumark hafi verið hækkað, þá verður sú hækkun étin upp að miklu leyti upp vegna aukins þunga í gjaldtöku á þorsk og ýsu í nýjustu breytingum frumvarpsins. Misræmi milli útreikninga ráðuneytis og SFS verður að skýra til þess að hægt sé að treysta útreikningum vegna áhrifa af frumvarpinu.

Miðað við greiningar Deloitte og fyrirtækjanna sjálfra á nýjustu ársreikningum Vestfirskra sjávarútvegsfyrirtækja eru áformin óásættanleg með tilliti til mikillar skerðingar á samkeppnishæfni og framlegð þessara sjávarútvegsfyrirtækja. Slíkur skortur á samkeppnishæfni kemur niður á endurnýjun á tækjabúnaði og fjárfestingu í framþróun, nýsköpun og þjónustukaupum. Fram hafa komið áhyggjur forsvarsmanna minnstu eininganna um tilvistargrundvöll sinn ef breytingarnar ganga eftir sem ber að taka alvarlega. Afleiðingar skertrar samkeppnishæfni og minni fjárfestinga hafa bein áhrif á útsvarstekjur sveitarfélaga og fjölmargar afleiddar þjónustugreinar sem skapa umsvif og tekjur.

Eftir miklar umræður undanfarnar vikur um hækkun veiðigjalda hefur ríkisstjórnin ekki svarað því hvernig staðinn verði vörður um samkeppnishæfni fyrirtækja og samfélaga á Vestfjörðum. Breytingum á frítekjumarki frá fyrstu drögum fylgja aðrar breytingar á útreikningum með tilheyrandi óvissu um endanlega niðurstöðu.

Aðrar íþyngjandi tillögur á samfélög á Vestfjörðum undanfarinna missera svo sem innviðagjald á skemmtiferðaskip, kolefnisgjald og hækkun á sérstökum laxaskatti í ofanálag leggst ofan á allt annað til þess að draga úr þeim viðnámsþrótti sem hefur einkennt síðustu ár á Vestfjörðum.

Stjórn Vestfjarðarstofu skorar á stjórnvöld að bregðast hratt við og endurskoða enn frekar tillögu sína um hækkun á veiðigjaldi þannig að tekið verði tillit til réttmætra áhyggja atvinnulífs og sveitarfélaga á Vestfjörðum. Það er lágmarkskrafa að áhrifin af hærri veiðigjaldi á samfélög á Vestfjörðum verði könnuð með ítarlegri hætti áður en lengra er haldið.



UNGmennapING VESTFJARÐA HLÝTUR VEGLEGAN STYRK

UngmennapING Vestfjarða 2025 hlaut á dögunum styrk úr Erasmus+ áætluninni að upp á rúmlega 5.3 milljónir (36.642 evrur). Styrkurinn mun styðja við framkvæmd og þróun þingsins næstu mánuði, en UngmennapING Vestfjarða, sem verður haldið í haust, fer að þessu sinni fram í Breiðuvík.

Erna Lea Bergsteinsdóttir og Embla Dögg Bachmann hafa tekið við verkefnastjórn ungmennaráðs Vestfjarða og undirbúningi ungmennapings af Steinunni Ásu Sigurðardóttur, sem heldur nú til annarra verkefna innan Vestfjarðastofu. Erna mun leiða starf ungmennaráðsins og Embla bera ábyrgð á skipulagningu ungmennapingsins, en verkefnið verður unnið í nánú samstarfi þeirra á milli. Báðar munu þær sitja fundi með ungmennaráðinu og taka þátt í öllum þáttum undirbúnings og framkvæmdar.

Erna og Embla segjast hlakka mikið til að vinna að þessu mikilvæga verkefni með öflugum ungmennum af Vestfjörðum og leggja sitt af mörkum til að efla lýðræði, þátttöku og rödd ungs fólks á svæðinu.



GERÐ VIÐSKIPTAÁÆTLANA Á MANNAMÁLI

Í Forvitnum frumkvöðlum, fræðsluhádegi landshlutasamtakanna þann 6. maí stóð SSVN fyrir fræðsluerindinu Viðskiptaáætlun á mannamáli. Þar var farið yfir hvernig hægt er að nálgast gerð viðskiptaáætlunar á einfaldan og aðgengilegan hátt – og hvernig slík áætlun getur orðið öflugt tæki til að segja sögu verkefnisins.

Fyrirlesturinn hentaði bæði þeim sem eru að stíga sín fyrstu skref í nýsköpun og þeim sem vilja skerpa framsetningu sína og vinna markvissar að þróun hugmynda. Farið var yfir helstu þætti viðskiptaáætlana, hvað skiptir máli og hvernig hægt er að nýta ýmis verkfæri til að koma hugmyndum í framkvæmd.

Leiðbeinandi var Magnús Barðdal, sem býr yfir viðtækri reynslu úr fjármálageiranum og sjálfur hefur rekið eigin fyrirtæki þar sem vandaðar viðskiptaáætlanir skipta sköpum. Hann deildi hagnýtum ráðum og dýrmætri innsýn í hvernig góð viðskiptaáætlun verður til – á mannamáli.

Fræðsluhádegi landshlutasamtakanna eru haldin fyrsta þriðjudag hvers mánaðar og eru öllum opin og að kostnaðarlausu. Þar er boðið upp á fjölbreytta og hagnýta fræðslu fyrir frumkvöðla og aðra áhugasama um nýsköpun um allt land.

Hægt er að horfa á fyrirlesturinn hér

PÚKINN FÉKK 5,5 MILLJÓNIR ÚR BARNAMENNINGARSJÓÐI

Úthlutun úr Barnamenningarsjóði fyrir árið 2025 fór fram á Degi barnsins sem haldinn er hátíðlegur síðasta sunnudag maímánaðar og bar að þessu sinni upp þann 25. maí. Vestfirski barnamenningarhátíðin Púkinn fékk styrk upp á 5,5 m.kr fyrir verkefnið Púkinn, hafið og sólmyrkvinn. Það er virkilega spennandi verkefni sem unnið verður í samvinnu við Þykjó, Sigga & Ingibjörgu og Stjörnu-Sævar, en Ungmennaráð Vestfjarða valdi hafið sem þema hátíðarinnar 2026 og vildu þau flétta vísindalegan vinkel inn í listsköpunina. Þetta var sannarlega tekið til athugunar þegar þessi viðburður sem verður hryggjarstykki næsta Púka var skapaður, en sérlega skemmtilegt í þessu ljósi er að almyrkvi á sólu verður í ágúst 2026 og nýtur hans lengst við á Vestfjörðum.

Þrjár barnamenningarhátíðir á landsbyggðinni hlutu að þessu sinni hæstu styrkina, 5,5 m.kr. hver, en auk Púkans eru það barnamenningarhátíðin Bras á Austurlandi fyrir Þræði og Barnamenningarhátíð Vesturlands 2025.

Barnamenningarsjóður styrkir nú samtals 47 fjölbreytt verkefni um alls rúmar 100 m.kr. Sjóðnum bárust 138 umsóknir fyrir tæpar 450 m.kr. og hafa aldrei fleiri umsóknir borist. Þriggja manna fagråd fjallaði um innsendar umsóknir í sjóðinn og ráðherra menningarmála samþykkti svo tillögu stjórnar sjóðsins um úthlutun.

Úthlutunarhófið sem haldið var í Höfuðstöðinni var glæsilegt og Lúðrasveit Austurbæjar skipuð grunnskólabörnum blés inn gleðina. Síðan tóku við Logi Einarsson, menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra, og Guðný Hilmarisdóttir, formaður stjórnar Barnamenningarsjóðs, og ávörpuðu fulltrúa styrktra verkefna.

Það er gaman að segja frá því að fleiri skemmtileg barnamenningarverkefni á Vestfjörðum hlutu styrki úr sjóðnum, en það eru: Skjaldborg - hátíð íslenskra heimildarmynda fyrir Skjaldbökuna, Sauðfjársetur á Ströndum fyrir Náttúrubarnahátíð á Ströndum 2025, Ísafjarðarbær fyrir Safnahúsið okkar, Við Djúpið fyrir Barna- og ungmennadagskrá tónlistarhátíðarinnar Við Djúpið og Bata- og hlunnindasýningin á Reykhólum fyrir Bátadagar barnanna.

Lista yfir öll verkefni styrkt af Barnamenningarsjóði í ár [má sjá hér](#).



Fulltrúar barnamenningarhátíðanna á Vestfjörðum, Austurlandi og Vesturlandi með Elfu Lilju hjá List fyrir alla og Loga Einarssyni ráðherra



Fulltrúar Púkans, Skjaldbökunnar og Við Djúpið með Loga Einarssyni ráðherra.



Fulltrúar Púkans, Safnahússins á Ísafirði og tónlistarhátíðarinnar Við Djúpið

ÚTHLUTAÐ ÚR FISKELDISSJÓÐI

Stjórn fiskeldisjóðs hefur úthlutað rúmlega 465 milljónum kr. til 15 verkefna í sjö sveitarfélögum. Alls bárust 30 umsóknir frá sjö sveitarfélögum sem námu rúmlega 1,7 milljarði króna, tæplega fjórfalt hærrí fjárhæð en var til úthlutunar. Umsóknarfrestur var til 10. mars og lauk úthlutun 19. maí. Eftirtalin 15 verkefni hlutu styrk að þessu sinni:

Bolungarvíkurkaupstaður - 43.250.000 kr.

- Göngustígar og aðkoma „Sandinum“ við Tjarnarkamb í Bolungarvík - 2.880.000 kr.
- Lundahverfi - nýtt íbúðahverfi í Bolungarvík - 40.370.000 kr.

Fjarðabyggð -134.520.000 kr.

- Endurbætur á Íslenska stríðsárasafninu - 44.840.000 kr.
- Fjarðabyggðarhöllin, laga þak og skipta um ljós - 44.840.000 kr.
- Fráveitan á Eskifirði - 44.840.000 kr.

Ísafjarðabær - 76.660.000 kr.

- Slökkvistöð Ísafjarðarbæjar - 44.840.000 kr.
- Torfnæs upphitun aðalvallar - 31.820.000 kr.

Múlaþing - 44.840.000 kr.

- 1.áfangi í stækkun leikskólans Bjarkatúns á Djúpavogi - 44.840.000 kr.

Strandabyggð - 8.690.000 kr.

- Vatnsveita í Strandabyggð - húsnæði og geislunarbúnaður - 8.690.000 kr.

Súðavík - 61.270.000 kr

- Heitir pottar og aðstaða í Súðavík - framhaldsumsókn - 35.610.000 kr.
- Slökkvibífreið - 25.660.000 kr.

Vesturbyggð - 95.840.000 kr.

- Bíldudalsskóli bygging - 44.840.000 kr.
- Fráveita Bíldudal - 7.760.000 kr.
- Fráveita Patreksfirði - 7.110.000 kr.
- Skólalóð Patreksskóla - 36.130.000 kr.

Samtals: 465.070.000 kr.

Stjórn sjóðsins metur það svo að verkefnin sem hljóta styrk að þessu sinni falli öll vel að áherslum og séu til þess fallin að styrkja innviði sveitarfélaga og atvinnulíf á þeim svæðum þar sem fiskeldi í sjókvíum er stundað.

Úthlutun ársins 2025 rann að stærstum hluta styrkja í flokkinn annað eða samtals rúmlega 200 milljónir króna en því næst til skóla, ríflega 125 milljónir króna.

Fjárhæð samþykktra umsókna nam samtals um 1.123.114.018 kr. Þar sem ráðstöfunarfé sjóðsins er lægra en sú fjárhæð ákvað stjórn sjóðsins að setja hámark á styrki að fjárhæð 60 milljónir króna. Samþykktar umsóknir voru skertar hlutfallslega samkvæmt fyrirfram ákveðnum matsaðferðum og síðan hlutfallaðar með hliðsjón að ráðstöfunarfé sjóðsins sem nam í ár 465,1 milljón.



LEIÐANGURSSKIPIÐ SH VEGA HEIMSÓTTI ÍSAFJÖRÐ PRÁTT FYRIR VEÐURVIÐVARANIR

Heimsókn undirstrikar bæði möguleika og áskoranir leiðangurssiglinga á Vestfjörðum

Fimmtudaginn 6. júní lagðist leiðangursskipið SH Vega að bryggju á Ísafirði, þrátt fyrir gular veðurviðvaranir. Heimsóknin var hluti af svokallaðri hagaðilasiglingu á vegum samtaka leiðangursskipafélaga á Norðurslóðum (AECO), þar sem fulltrúar skipafélaga bjóða hagaðilum um borð í hverri höfn til að ræða samvinnu og þróun á þjónustu við leiðangurssiglingar.

Frá Ísafirði tóku á móti fulltrúum AECO og skipafélagsins Swan Hellenic meðal annars fulltrúar frá Náttúruverndarstofnun, Ísafjarðarhöfn og Markaðsstofu Vestfjarða. Fundað var um þróun leiðangurssiglinga á svæðinu og farið í skoðunarferð um skipið.

Þrátt fyrir að svæðið bjóði upp á fjölbreytt tækifæri fyrir leiðangursskip, hefur samdráttur í bókunum gert vart við sig víða um Vestfirði. Í Patreksfirði fækkaði komum úr 30 í fyrra niður í 10 í ár. Sauðfjarsetrið á Ströndum fékk átta heimsóknir í fyrra en engar í ár.

Óvissa vegna innleiðingar nýrra innviðagjalda hefur haft áhrif á ákvarðanatöku skipafélaga og er talið að hún hafi átt þátt í þessari þróun. Á Ísafirði hefur uppbygging hafnar og samfélagsverkefna undanfarin ár að stórum hluta verið drifin áfram af komum skemmtiferðaskipa, bókunarstaða frá og með 2027 eru áhyggjuefni.

SH Vega, sem tekur 152 farþega, heldur nú leið sinni áfram til Hríseyjar, Dalvíkur og Húsavíkur og þaðan til Jan Mayen og Svalbarða. Skipið lagði af stað frá Reykjavíkurböfn á mánudegi, en tvö önnur skip sem áttu að koma til Ísafjarðar ákváðu að fella niður komur vegna veðurs. Þrátt fyrir öldugang var viðkoma við Dynjanda sérstaklega vel metin af farþegum.

Vestfirðir bjóða upp á margvíslega viðkomustaði fyrir leiðangursskip, og flest sveitarfélög á svæðinu hafa tekið á móti slíkum ferðum undanfarin ár. Nauðsynlegt er að tryggja stöðugleika í rekstrarumhverfi greinarinnar og styrkja samstarf hagsmunaaðila ef byggja á upp trausta og sjálfbæra þjónustu til framtíðar.



MÓTUM MENNINGARSTEFNU

Hafin er vinna við mótun menningarstefnu fyrir Vestfirði. Haldnir verða fimm opnir fjarfundir, hver með sinni yfirskrift. Öllum búsettum á Vestfjörðum er velkomið að taka þátt og leggja orð í belg.

Verkefnisstjóri er Skúli Gautason, menningarfulltrúi Vestfjarða og veitir hann frekari upplýsingar á skuli@vestfirdir.is. Hlekkir á alla fundina eru á [viðburðadagatali Vestfjarðastofu](#).

02. júní Þátttaka barna og ungmenna í menningarlífinu

05. júní Listir og aðgengi að þeim

11. júní Þátttaka í menningu og skapandi greinum

19. júní Menningararfleið okkar

23. júní Samvinna í menningarmálum



Vestfjarðastofa



VESTFJARÐASTOFA AUGLÝSIR EFTIR VERKEFNISSTJÓRA Á DRANGSNESI

Vestfjarðastofa, með stuðningi Byggðastofnunar, auglýsir eftir verkefnisstjóra á Drangsnesi. Verkefnisstjóri gegnir hlutverki leiðtoga verkefnisins Brothættra byggða í Kaldrananeshreppi og vinnur að eflingu byggðar og mannlífs í Kaldrananeshreppi.

Verkefnið er til fimm ára og er hluti af verkefnum Brothættra byggða og er samstarfsverkefni Byggðastofnunar, Vestfjarðastofu og Kaldrananeshreppi.

Um er að ræða 100% starf með starfsstöð á Drangsnesi.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Fylgja eftir ákvörðunum verkefnisstjórnar
- Hafa frumkvæði að nýjum verkefnum á svæðinu
- Skýrslugerð og upplýsingamiðlun til íbúa og samstarfsaðila
- Íbúafundur og þátttaka í samfélagsverkefnum í sveitarfélaginu
- Aðstoð við gerð styrkumsókna og viðskiptaáætlana
- Önnur verkefni samkvæmt samkomulagi

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í verkefninu. Háskólamenntun áskilin.
- Reynsla af ráðgjöf, fjárfestingum eða atvinnuþróun æskileg
- Haldbær starfsreynsla og reynsla af verkefnastjórn
- Þekking, skilningur og reynsla af atvinnu- og byggðamálum
- Þekking á styrkjaumhverfi og skrifum umsókna í innlenda og erlenda sjóði
- Frumkvæði, jákvæðni, samstarfsfærni og sjálfstæð vinnubrögð eru mikilvægir eiginleikar.

Fríðindi í starfi

Sveiganlegur vinnutími

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Upplýsingar um verkefnið Brothættrar byggðir er að finna á heimasíðu Byggðastofnunar (www.byggdastofnun.is).

Nánari upplýsingar veitir: Sigríður Ó. Kristjánsdóttir (sirry@vestfiridir.is)

Umsóknarfrestur er til 4. júlí 2025. Hægt er að sækja um hér.



VINNSLUTILLAGA SVÆÐISSKIPULAGS VESTFJARÐA KOMIN Í SKIPULAGSGÁTT

Svæðisskipulagsnefnd Vestfjarða samþykkti á fundi þann 26. maí s.l. efni vinnslutillögu Svæðisskipulags Vestfjarða 2026-2050. Vinnslutillagan byggir á lýsingu svæðisskipulagsins sem mótuð var á síðasta ári í samráði við sveitarfélög og íbúa á Vestfjörðum og birt var í árslok með þeirri framtíðarmynd að íbúum á Vestfjörðum fjölgi og verði að lágmarki 11.000 manns árið 2050.

Með vinnslutillögu er svæðisskipulagsnefndin að leggja fram tillögu um hvernig endanleg svæðisskipulagstillaga geti litið út á næsta ári, varðandi framtíðarsýn og sameiginlega stefnu sveitarfélaga á Vestfjörðum til ársins 2050. Í henni birtist umfjöllun um fimm málefnasvið; náttúru og auðlindir, grunnkerfi, samfélagsauð, atvinnu og nýsköpun og menningarauð. Fjallað er um hvernig mæta má þeim áskorunum sem samfélög á Vestfjörðum þurfa að takast á við næsta aldarfjórðung, svo ná megi takmarki um fjölgun íbúa sem byggir á öflugu atvinnulífi og samfélagi.

Á samfélagssviðinu eru helstu áskoranirnar húsnæði, aldurssamsetning, inngilding nýrra íbúa, lýðheilsa og sjálfsmynd. Í atvinnumálunum varða áskoranirnar samkeppnisstöðu atvinnulífs og nýsköpunarumhverfi. Í umhverfismálum varða þær loftlagsbreytingar og að finna jafnvægi milli nýtingar og verndar og í innviðamálum eru það öflugar samgöngur, orkumál og fjarskipti og efling samstarfs sveitarfélaga á Vestfjörðum.

Tillagan verður opin til umsagnar hér í Skipulagsgátt til 20. ágúst n.k. og þar er einnig að finna stöðumatsskýrslu vinnslutillögu.